

12. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar.

Haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, mánudaginn 23. maí 2011 kl. 12:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson og Vikar Már Vífilsson. Einnig sat fundinn Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá:

1. Erindi vegna áður veitts byggingarleyfis.

Faglausnir ehf., fyrir hönd Ísfélags Vestmannaeyja. Um er að ræða 6 m tilfærslu til norðurs eða samsíða mjölskemmu. Tilfærsla hússins er vegna ósamræmis í gildandi deiliskipulagi. Grjótvörn vestan verksmiðju er ekki til samræmis gildandi deiliskipulagi og lendir því suð-vestur horn hússins í grjótvörn. Húsið er innan lóðar eftir tilfærslu.

Erindið samþykkt samhljóða.

2. Byggingarleyfisumsókn.

Faglausnir ehf., fyrir hönd Ísfélags Vestmannaeyja óska eftir byggingarleyfi fyrir tveimur skorsteinum. Um er að ræða annars vegar 25 metra háan skorstein sunnan við nýsamþykkt ketilhús við loðnuverksmiðju Ísfélagsins og hinsvegar 35 m háan skorstein vestan við verksmiðju.

Samþykkt með fyrirvara um að nýtt deiliskipulag taki gildi .

3. Viðbygging við hesthús.(grind)

Sveitarstjóri lagði fram bréf sem skipulags-og byggingarfulltrúi sendi þann 6.des. 2010 til umrædds eiganda af hesthúsinu þar sem honum var veittur frestur til 10. janúar 2011, til að koma sjónarmiðum sínum til byggingarfulltrúa. Ekkert bréf hefur borist til byggingarfulltrúa og í ljósi þess er um óleyfisframkvæmd að ræða sem bregðast þarf við með viðeigandi hætti.

Sveitarstjóra falið að senda viðkomandi bréf þar sem hann er beðinn um að fjarlægja grindina. Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

USB leggur til við sveitarstjórn Langanesbyggðar að byggingarfulltrúa verði falið að fullafgreiða byggingarleyfisumsóknir sem eru í samræmi við samþykkt deiliskipulög í samræmi við ákvæði 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Byggingarfulltrúi sendi sveitarstjórn tilkynningar um þau byggingarleyfi sem hann samþykkir. Jafnframt leggur nefndin til að hlutverki hennar verði breytt til samræmis þannig að hún verði ekki lengur byggingarnefnd og fái þannig heitið umhverfis- og skipulagsnefnd.

Samþykkt samhljóða

Samþykkt að hreinsunardagur verði föstudaginn 3. júní n.k.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 12: 44